




RÍKISSKATTSTJÓRI

RSK 4.08

Leiðbeiningar um útfyllingu
landbúnaðarskýrslu

2012





... Efnisyfirlit ...

	Blaðsíða
Fyrsta síða	
Hrein eign	3
Hreinar tekjur	3
Reiknað endurgjald	3
Yfirlit yfir ónotað tap	3
Áritun og undirskrift	3
Önnur síða	
Rekstrartekjur	4
Teknamat af landbúnaði	4
Almennt um útfyllingu rekstrartekna	4
Rekstrargjöld m.t.t. vsk	4
Almennt um útfyllingu rekstrargjalda	5
Priðja síða	
Önnur rekstrargjöld	6
Aðrar tekjur og gjöld	6
Skattalegar færslur / leiðréttigar á tekjum	6
Fjórða síða	
Efnahagsrekningur	7
Eignir	7
Staðgreiðsla af fjármagnstekjum	7
Skuldir og eigið fé	7
Skuldir	8
Eigið fé	8
Skattalegar færslur / leiðréttigar á eign	8
Fimmta síða	
Uppgjör birgða	9
Uppgjör virðisaukaskatts	9
Greinargerð um skiptingu milli eigenda félagsbúa	9
Sundurliðunartafla	9
Athugasemdir	9
Sjötta síða	
Bústofn	10
Eignamat búfjár í árslok 2011	10
Dæmi um eignfærslu vegna kaupa á lífdýrum	10
Reiknað endurgjald bænda, maka þeirra og barna	
Reiknað endurgjald bænda, maka þeirra og barna tekjuárið 2011	11
Annað	
Beingreiðslur úr ríkissjóði	12
Sala greiðslumarks	12
Dreifing söluhagnaðar	12
Meðferð söluhagnaðar ófyrnanlegra eigna	12
Upptaka nýrra búgreina	12
Tjónabætur	12
Styrkir vegna búháttabreytinga	12
Kaup á greiðslumarki	13
Greiðslur fyrir sumardvöl barna og frádráttur frá þeim	13
Afstemming virðisaukaskatts	13
Annar rekstur	13
Reglur um fyrningar	13
Netframtal 2012	13
Reglugerð um skattalega meðf. á bústofnsbreytingu og kaupverði lífdýra í landbúnaði	14
Dæmi um færslu nokkurra gjaldaliða á rekstrarreikning	15

... Fyrsta síða ...

A. Hrein eign

Í þessum kafla fer fram uppgjör hreinnar eignar. Jákvæð fjárhæð í línu 3 færist í reit 01 í kafla 4.5 á persónuframtali. Neikvæð fjárhæð í línu 3 færist í reit 165 í kafla 5.4 á persónuframtali.

B. Hreinar tekjur

Í þessum kafla fer fram uppgjör hreinna tekna. Jákvæð fjárhæð í línu 10 færist í reit 62 á persónuframtali. Neikvæð fjárhæð færist þar ekki.

Samkvæmt ákvæðum 3. tl. 1. mgr. 62. gr. skattalaganna skal uppgjöri hreinna tekna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi hagað eftir því hvort annað hjóna eða bæði sameiginlega standa fyrir rekstrinum:

Annað hjóna stendur fyrir rekstrinum

Þegar annað hjóna stendur fyrir rekstrinum skal það hjóna vera skráð fyrir viðkomandi rekstri á þeim gögnum sem send eru skattyfirvöldum. Ákvæði 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003 og 6. gr. laga nr. 45/1987 um reiknað endurgjald beinist aðeins að þeim aðila sem stendur fyrir rekstrinum.

Hreinar tekjur færast til tekna eða færast á móti rekstrartapi af annarri atvinnustarfsemi eða sjálfstæðri starfsemi þess hjóna. Á sama hátt kemur rekstrartap aðeins til frádráttar hreinum tekjum af öðrum atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þess hjóna eða á móti hreinum tekjum þess á næsta eða næstu árum.

Hjón standa bæði fyrir rekstrinum

Þegar hjón standa bæði fyrir rekstrinum sameiginlega skal skrá nöfn beggja á þau gögn sem send eru skattyfirvöldum.

Ákvæði 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003 og 6. gr. laga nr. 45/1987 beinast þá að báðum hjónum.

Hreinum tekjum skal skipta milli hjóna í hlutfalli við vinnuframlag hvors um sig árið 2011. Hreinar tekjur, þannig reiknaðar, færast á móti rekstrartapi af öðrum atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þess hjóna sem þann atvinnurekstur eða þá sjálfstæðu starfsemi rekur. Á sama hátt kemur rekstrartap af búrekstrinum eingöngu til frádráttar hreinum tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þess hjóna sem þann atvinnurekstur eða sjálfstæðu starfsemi rekur.

Athugið að þegar hjón standa bæði að rekstri, og um yfirfæraranleg töp er að ræða, þarf að sundurliða töp hvors um sig, annað hvort með því að fylla út fyrstu síðu á annarri landbúnaðarskýrslu eða með því að fylla út samræmingarblað, RSK 4.05.

C. Reiknað endurgjald

Maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, svo sem við landbúnað, skal skv. ákvæðum 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 2. tl. 4. og 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu, telja sér til tekna endurgjald fyrir starf sitt.

Standi hjón sameiginlega að rekstri búsins teljast þau bæði bændur í merkingu greinarinnar. Skv. 7. gr. laga nr. 90/2003, skal á sama hátt reikna endurgjald fyrir starf þess maka sem ekki telst vera rekstraraðili búsins en vinnur þó við búið, svo og vegna starfa barna þeirra, yngri en 16 ára, við búið. Mat á vinnuframlagi maka og barna og reiknað endurgjald í því tilfelli má ekki vera hærra en tekjur þess hefðu numið ef unnið hefði verið hjá óskyldum eða ótengdum aðila, sbr. 2. mgr. 58. gr. laganna.

Að jafnaði skal færa á skattframtal 2012 það reiknaða endurgjald bónda og maka hans sem staðgreiðsla á árinu 2011 var miðuð við. Viðmiðunarreglur til ákvörðunar á endurgjaldi bænda og maka þeirra fyrir staðgreiðsluárið 2011 eru birtar á bls. 11.

Reiknað endurgjald bónda, maka hans og barna þeirra er miðað annars vegar við vinnuframlag þeirra við búreksturinn og hins vegar við vinnuframlag þeirra við framkvæmdir sem ber að tekjufæra. Bóni, sem af einhverjum ástæðum telur fram lægra endurgjald fyrir starf sitt en viðmiðunarreglurnar segja til um, skal gera sérstaka grein fyrir aðstæðum sínum, svo sem ef hann hefur orðið fyrir áföllum vegna árferðis eða annarra atriða sem máli skipta og ekki er tekið tillit til í viðmiðunarreglunum, svo og vegna aldurs, heilsu og starfstíma, vinnu utan búrekstrar eða aðkeyptrar vinnu.

D. Yfirlit yfir ónotað tap

Í þessa töflu skal sundurliða tap eftir rekstrarárum, sem og hvernig það er notað á móti hagnaði.

Heimilt er að draga frá tekjum eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum á undan tekjuári, enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu.

Áritun og undirskrift

Standi hjón bæði að búrekstrinum skal skrá bæði nöfnin á skýrsluna og önnur fylgigögn. Ef um samrekstur (félagsbú) er að ræða skal rita einkennisnafn þess í nafnreit en gera grein fyrir eigendum, eignarhlutföllum, skiptingu þeirra á reiknuðu endurgjaldi, hagnaði eða tapi og eigin fé á 5. bls. **Dagsetja og undirrita skal skýrsluna.**



... Önnur síða ...

Rekstrartekjur

Mjög áríðandi er að allar tekjur séu nákvæmlega sundurliðaðar. Tekjur skulu tilgreindar án virðisaukaskatts. Allt sem selt er frá búi skal talið á því verði sem fyrir það fæst. Ef það er greitt í vörum, vinnu eða þjónustu ber að færa greiðslurnar til peningaverðs og telja til tekna á sama verði og fæst fyrir tilsvarandi vörur, vinnu eða þjónustu sem seldar eru á hverjum stað og tíma. Beingreiðslur úr ríkissjóði skal færa til tekna í línum 1 og 3 (ekki vsk).

Heimanotaðar búsafurðir (búfjárafurðir, garðávexti, gróðurhúsaafurðir, hlunnindafrakstur), svo og heimilisiðnað, skal telja til tekna með sama verði og fæst fyrir tilsvarandi afurðir sem seldar eru á hverjum stað og tíma.

Sé söluverð frá framleiðanda hærra en útsöluverð til neytenda vegna niðurgreiðslu á afurðaverði skulu þó þær heimanotuðu afurðir sem svo er ástatt um taldar til tekna á útsöluverði til neytenda. Reikna ber virðisaukaskatt á heimanot og skila í ríkissjóð (ath. matvæli báru 7% vsk. á árinu 2011).

Par sem mjólkurskýrslur eru ekki haldnar skal áætla heimanotað mjólkurmagn.

Með hliðsjón af framangreindum reglum hefur matsverð án virðisaukaskatts verið ákveðið í skattmati ríkisskattstjóra á eftirtoldum búsafurðum til heimanotkunar þar sem ekki er hægt að styðjast við markaðsverð:

Teknamat af landbúnaði árið 2011

	Verð án vsk. kr.
Mjólk	71 kr. hver lítri
Egg	430 kr. hvert kg
Kartöflur	70 kr. hvert kg
Rófur	120 kr. hvert kg
Lambakjöt	454 kr. hvert kg
Kjöt af veturgömlu fé	315 kr. hvert kg
Annað kjöt af sauðfé	110 kr. hvert kg
Ungnautakjöt	513 kr. hvert kg
Annað kjöt af nautgripum	325 kr. hvert kg
Folaldakjöt	268 kr. hvert kg
Annað kjöt af hrossum	113 kr. hvert kg
Grísakjöt	305 kr. hvert kg
Annað svínakjöt	247 kr. hvert kg
Kalkúnar, endur og gæsir	507 kr. hvert kg
Annað fuglakjöt	362 kr. hvert kg
Fiskur	375 kr. hvert kg

Almennt um útfyllingu rekstrartekna

Tekjuliðum í þessum kafla er skipt í þrjá dálka m.t.t. virðisaukaskatts:

Í dálk „Vsk. 25,5%“ skal færa tekjuliði sem myndað hafa stofn til útskatts í 25,5% þepi. Í dálk „Vsk. 7%“ skal færa tekjuliði sem myndað hafa stofn til útskatts í 7% þepi. Í dálk

„Ekki vsk.“ skal færa tekjuliði sem ekki hafa myndað stofn til útskatts. Í hverja línu skal færa heimanot eftir atvikum.

17 Velta undanþegin virðisaukaskatti sbr. 2. gr.

Hér skal færa tekjur af starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Hér skal færa t.d. tekjur fyrir beit og slægjur, veiðileigutekjur og leigu fyrir land. Verið getur að framteljandi hafi bæði með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi og starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Starfsemi hans er þá sögð **blönduð**. Í þennan reit færst þá eingöngu sú sala eða afhending sem undanþegin er skv. umræddu lagaákvæði. Minnt skal á að þeir sem eru með blandaða starfsemi þurfa að skila eyðublaði RSK 10.27, Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi.

Hér skal ekki færa tekjur af virðisaukaskattsskyldri starfsemi sem undanþegnar eru skv. 1., 2. og 4. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt, t.d. vegna útflutnings, færa skal þær í dálkinn „Ekki vsk.“ í viðeigandi línu.

18 Söluhagnaður skv. eignaskrá RSK 4.01

Í þessa línu skal færa söluhagnað af seldum eignum á árinu. Útreikningur á söluhagnaði skal sýndur á eignaskrá RSK 4.01.

19 Aðrar tekjur sbr. sundurliðunartöflu (ath. reit 53)

Í þessa línu skal telja allar aðrar tekjur en þær sem ekki er sérstaklega gert ráð fyrir að færst í áður taldar línum. Hér gæti til dæmis verið um að ræða tekjur af seldum rekavið eða eggjatöku. Einnig tilfallandi tekjur af véla- og tækjaleigu, leigu eftir búfé, berjaleyfi, tilfallandi tekjur af tamningu hrossa, tilfallandi tekjur af þjónustu við ferðamenn og tekjur af sand- og malarnámi. Þá ber jafnframt að telja hér ýmsa rekstrarstyrki og endurgreiðslur. Eigin vinnu bónða, maka hans og barna vegna framkvæmda og byggingar úтиhúsa ber að telja hér til tekna.

Óendurkræfa styrki til að standa straum af kostnaði við mannvirkjagerð, véla- og tækjakaup eða endurbætur skal færa til lækkunar á stofnverði viðkomandi eigna. Ef fjárhæð styrksins liggur ekki fyrir á sama ári og framkvæmdum eða kaupum á eignum er lokið skal lækka fyrningargrunn þessara eigna á eignaskrá þessara árs sem styrkurinn er greiddur.

Sundurliða skal tekjur sem færðar eru í þessa línu í sundurliðunartöflu á síðu 5. Ef sundurliðanirnar rúmast ekki í töflunni skal gera grein fyrir þeim á fylgiblaði með framtali. Hér skal **ekki** færa tekjur, bætur og styrki sem liggja utan vsk. (falla ekki undir 12. gr. vsk. laga). Slíkar tekjur skal færa í reit 53 í kaflanum „Aðrar tekjur og gjöld“.

Rekstrargjöld m.t.t. vsk

Á sama hátt og með tekjur er áríðandi að gjöld séu nákvæmlega sundurliðuð. Gjöld skal tilgreina án virðisaukaskatts ef

... Önnur síða ...

þau hafa verið innsköttuð. Allar launagreiðslur, hvort sem um er að ræða í peningum, fæði, fóðrun búfjár eða öðru, skal gefa upp á launamiðum sem senda skal á skattstofu eða til ríkisskattstjóra.

Sömuleiðis skal gefa upp greiðslur til verkta og verkstæða, svo og fyrir vélavinnu og akstur. Land-, tækja- og búfjárliegu skal gefa upp á Greiðslumiða RSK 2.02 sem fæst á skattstofum eða á rsk.is og skal hann fylgja framtali. Allar fjárhæðir á launa- og greiðslumiðum skulu gefnar upp með virðisaukaskatt auk þess sem tilgreina ber virðisaukaskatt sérstaklega á greiðslumiðum. Launagreiðslur vegna framkvæmda, svo og húsbygginga, sbr. húsbyggingarskýrslu, má ekki færa til gjalda. Sé hluti launa til hjúa vegna þessa skal aðeins færa til gjalda þann hluta þeirra sem tilheyrir búrekstrinum.

Launagreiðendur, sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna, mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi 1.196 kr. fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds, enda sé frítt fæði launþegans og fjölskyldu hans hluti af launakjörum hans.

Almennt um útfyllingu rekstrargjalda

Gjaldaliðum í þessum kafla er skipt í þrjá dálka m.t.t. virðisaukaskatts:

Í dálk „Vsk. 25,5%“ skal færa gjaldaliði sem myndað hafa stofn til innskatts í 25,5% þepi. Í dálk „Vsk. 7%“ skal færa gjaldaliði sem myndað hafa stofn til innskatts í 7% þepi. Í dálk „Ekki vsk.“ skal færa gjaldaliði sem ekki hafa myndað stofn til innskatts.

Gjöld skulu talin fram án virðisaukaskatts, ef innskattað er í bókhaldi, en með virðisaukaskatt að öðrum kosti. Ef innkaup eru bæði vegna virðisaukaskattsskyldra nota og nota vegna starfsemi sem er undanbegin virðisaukaskatti, ber að færa þann hluta innkaupanna sem ekki varðar hina virðisaukaskattsskyldu starfsemi í dálkinn „Ekki vsk.“.

21 Fóður

Í þessa línu skal færa keypt fóður á árinu. Undir þennan lið fellur m.a. kaup á kjarnfóðri, graskögglum, fóðursalti og lýsi.

23 Áburður og sáðvörur

Í þessa línu skal færa kaup á áburði, fræi og útsæði.

25 Rekstrarkostnaður búvéla og bifreiða (annarra en fólksbifreiða)

Í þessa línu skal færa allan rekstrarkostnað búvéla og bifreiða, annarra en fólksbifreiða þ.m.t. jeppa. Hér skal því færa hrálið, bensín, smurolið, dekkjakaup, viðgerðir og varahluti, tryggingar og annan kostnað sem tilheyrir rekstrarkostnaði þessara tækja.

26 Rekstrarvörur

Í þessa línu skal færa kostnað vegna rekstrarvöru. Hér undir fellur t.d. rúlluplast, bindigarn, kaðlar og hreinlætisvörur í fjósi. Hér skal einnig færa kaupverð eigna og eignasamstæða sem eru undir viðmiðunarmörkum skv. 39. gr. skattalaga (250.000 kr. fyrir rekstrarárið 2011) og er því heimilt að gjaldfæra að fullu á kaupári.

29 Flutningskostnaður

Í þessa línu skal m.a. færa kostnað vegna flutninga á mjólk, slátturfé og rekstrarvörum.

30 Ýmis aðkeypt þjónusta

Í þessa línu skal færa ýmsa aðkeypta þjónustu. Undir þetta falla t.d. lyf og dýralækniskostnaður, sæðingakostnaður, folatollar, kostnaður við bókhald og lögfræðiþjónustu fyrir búreksturinn og önnur aðkeypt þjónusta. Aðkeypta þjónustu skal gefa upp á launamiða.

32 Annar rekstrarkostnaður húsnæðis (útihúsa)

Í þessa línu skal færa rekstrarkostnað vegna fasteigna. Hér getur t.d. verið um að ræða kostnað vegna trygginga, vatns, rafmagns, hita o.s.frv. Hér skal einnig færa fasteignagjöld (fasteignaskattar, lóðarleiga, vatnsskattur). Athuga skal að rekstrarkostnaður af íbúðarhúsnæði færist ekki til gjalda. Hér skal einnig færa leigukostnað vegna húsnæðis.

33 Kaupverð lífdýra

Í þessa línu skal færa kaupverð lífdýra. Ef kaupverð lífdýra á árinu 2011 fer yfir 250.000 kr. þarf að dreifa gjaldfærslu kaupverðs, sbr. rgl. nr. 213/2001, sjá bls. 14. Ekki er heimilt að færa til gjalda matsverð keypta lífdýra. Sundurliða skal keypt lífdýr, eftir tegund, á síðu 6 og tilgreina skal kaupverð, nafn og kennitölu seljanda á bls. 5 í kaflanum „Athugasemdir“.


36 Afskrifaðar viðskiptakröfur

Í töflu neðst á blaðinu skal færa afskriftir viðskiptakrafna er beint tengjast atvinnurekstrinum, og urðu sannanlega tapaðar á árinu 2011. Fjárhæðirnar sem hér færast skulu vera án virðisaukaskatts og þær sömu og miðað skal við á virðisaukaskattsskýrslum.

Skattaleg niðurfærsla viðskiptakrafna (5%) færist ekki hér, heldur færist niðurfærslan í upphafi reikningsárs í línu 59 og niðurfærslan í lok reikningsárs í línu 60.

37 Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu

Í þessa línu fellur allur kostnaður sem ekki er sérstaklega gert ráð fyrir að færist í aðrar línum. Sundurliða skal kostnað sem færður er í þessa línu í sundurliðunartöflu á síðu 5. Ef sundurliðanirnar rúmast ekki í kaflanum skal gera grein fyrir þeim á fylgiblaði með framtali.



... Þriðja síða ...

Önnur rekstrargjöld

39 Reiknað endurgjald

Í þessa línu skal fára reiknað endurgjald vegna vinnu manns við eigin atvinnurekstur og fyrir vinnu maka og barna innan 16 ára aldurs. Nánari sunduriðun skal gerð á bls. 1.

40 Laun (greidd laun og hlunnindi)

Í þessa línu skal fára öll greidd laun. Bent skal á að skila skal launamiðum vegna þeirra.

41 Mótframlag í lífeyrissjóð

Hér færast mótfamlag í lífeyrissjóð sem greitt er af rekstraraðila.

42 Önnur launatengd gjöld

Í þennan reit skal fára útgjöld vegna launamanna, önnur en mótfamlag í lífeyrissjóð, sem reiknast af launum eða á annan hátt miðast við laun. Hér á meðal eru t.d. tillög til sjúkratrygginga, tryggingagjald og önnur hliðstæð gjöld.

46 Bifreiðakostnaður skv. rekstraryfirliti fólksbifreiðar RSK 4.03

Í þessa línu skal fára kostnað af fólksbifreið (þ.m.t. jeppa) sem bæði er notuð í eigin þágu og vegna atvinnurekstrar. Kostnaði vegna rekstrar bifreiðar skal skipt milli einkanota og atvinnurekstrar eftir notkun hennar í samræmi við reglur sem koma fram á eyðublaði RSK 4.03. Hér færst því aðeins sá hluti kostnaðarins sem er vegna atvinnurekstrarins. Yfirliti yfir kostnað hverrar einstakrar fólksbifreiðar, þ.e. eyðublaði RSK 4.03, skal skila með skattframtíali. Kostnaður tilgreindur á RSK 4.03 skal byggja á kostnaðargögnum.

47 Almennar fyrningar skv. eignaskrá RSK 4.01

Í þessa línu skal fára fyrningar og niðurfærslu eigna skv. eignaskrá RSK 4.01 fyrir 2011 sem fylgja á framtali. Bent skal á að ef kaupverð eigna og eignasamstæða var yfir við miðunarmörkum skv. 39. gr. skattalaga (250.000 kr. fyrir rekstrarárið 2011) er ekki heimilt að gjaldfæra eignina heldur ber að eignfæra hana og fyrna.

49 Rekstrargjöld samtals

Í þennan reit skal fára samtölu rekstrargjaldalda af síðu 2 skv. línu 38 að viðbættum samtals afskrifuðum viðskiptakröfum og rekstrargjöldum í línum 39 til 48.

50 Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld (+/-)

Hér skal fára mismun rekstrartekna samtals í línu 20 og rekstrargjaldalda samtals í línu 49. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínuformerki.

Aðrar tekjur og gjöld

51 Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur

Í þessa línu skal fára allar vaxtatekjur sem féllu til á rekstrarárinu. Fjárhæð þessi skal stemma við vaxtatekjur samtals

í efnahagsreikningi á bls. 4. Vaxtatekjur og verðbætur skulu færðar án frádráttar fjármagnstejkjuskatts.

52 Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld (-)

Í þessa línu skal fára öll vaxtagjöld sem féllu til á rekstrarárinu. Hér skal fára allan fjármagnskostnað rekstrarins, þ.m.t. þjónustugjöld og innheimtukostnað banka. Fjárhæð þessi skal stemma við vaxtagjöld samtals í efnahagsreikningi á bls. 4.

53 Ýmsar tekjur, bætur og styrkir utan vsk.

Í þessa línu skal fára ýmsar tekjur, bætur og styrki sem ekki tengjast virðisaukaskatti (falla t.d. utan 12. greinar vsk. laga). Slíkar tekjur skal því ekki fára í línu 19, heldur hér, þar sem þær koma ekki inn á yfirlit yfir uppgjör virðisaukaskatts.

54 Birgðabreyting skv. birgðatöflu (+/-)

Í þessa línu skal fára birgðabreytingu skv. uppgjöri á bls. 5. Birgðaaukningu skal fára sem plús tölu en birgðalækku sem mínu tölu.

55 Bústofnsbreyting skv. bústofnstöflu (+/-)

Í þessa línu skal fára bústofnsbreytingu skv. bls. 6. Bústofnsaukningu skal fára sem plús tölu en bústofnsskerðingu sem mínu tölu.

56 Sölutap

Í þessa línu skal fára sölutap af seldom eignum á árinu. Útreikningur á sölutapi skal sýndur á eignaskrá RSK 4.01.

57 Aðrar tekjur og gjöld samtals

Hér skal fára samtölu annarra tekna og gjalda samkvæmt línum 51 til 56 hér að ofan. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínuformerki.

58 Hagnaður/tap ársins (+/-)

Hér færst fjárhæð í reit 50 að viðbættri eða frádreginni fjárhæð í reit 57. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínuformerki.

70 Hreinar tekjur/yfirfærilegt tap

(færast í línu 4 á bls. 1)

Hér færast samtölur fjárhæða úr reitum 58 til 69. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínuformerki. Fjárhæð þessi færist í línu 4 á bls. 1.

Skattalegar færslur/leiðréttigar á tekjum

Í þessum kafla eru gerðar skattalegar leiðréttigar á hreinum tekjum.

Í línum 59 og 60 skal fára þá skattalegu niðurfærslu viðskiptakrafna (5%), sem heimiluð er í 2. mgr. 3. tl. 31. gr. skattalaga. Í línum 61 og 62 skal fára þá skattalegu niðurfærslu birgða (5%), sem heimiluð er í 4. tl. 31. gr. skattalaga.

... Fjórða síða ...

Efnahagsreikningur

Á efnahagsreikningi skal tilgreina allar eignir og skuldir sem tilheyra búrekstri. Eignir og skuldir, sem ekki eru í beinum tengslum við rekstur búsins og tengjast ekki atvinnurekstri, skulu ekki koma á efnahagsreikning heldur færðar í við-eigandi liði á persónuframtali, t.d. skal færa íbúðarhús í lið 4.1, einkabifreiðar í lið 4.3, skuldir vegna íbúðarhúss í lið 5.2 o.s.frv.

Á efnahagsreikningi skal færa í fremri dálk eignir og skuldir búsins í árslok 2011 en í aftari dálk skal færa eignir og skuldir búsins í árslok 2010 eins og þær voru tilgreindar í fremri dálki á landbúnaðarskýrslu sl. árs.

Efnahagsreikningi er skipt í þrjá aðalkafla: „Eignir“, „Skuldir“ og „Eigið fé“.

Eignir

1 Sjóður, bankainnstæður og annað reiðufé

Í þessa línu skal færa handbært fé í rekstri í lok reikningsársins, þ.m.t. innstæður sem ekki eru bundnar til lengri tíma en eins árs. Hér getur því verið um eftirtalda liði að ræða:

- Sjóð
- Bankainnstæður
- Innstæður á tékkareikningum. Pessi reitur getur ekki tekið neikvætt gildi. Ef yfirdráttur er á tékkareikningi, þá skal hann færður í línu 10.

2 Birgðir skv. birgðatöflu

Hér skal færa allar birgðir í lok rekstrarársins. Hér færast því t.d. birgðir rekstrarvara og á fjárhæðin að stemma við fjárhæð birgða samtals í árslok 2011 á bls. 5.

3 Viðskiptakröfur

Í þennan reit skal færa þær viðskiptakröfur sem myndast hafa við sölu á vörum og þjónustu í rekstrinum, en ekki hafa fengist greiddar í árslok. Hér kæmi því til dæmis inneign hjá sláturleyfishöfum, mjólkurbúum og kröfur vegna sölu á greiðslumarki.

4 Verðbréf og aðrar peningalegar eignir

Hér færast aðrar peningalegar eignir sem ekki færast í aðra reiti hér að framan, svo sem inneign virðisaukaskatt, bundnar bankainnstæður, langtímakröfur, fyrirframgreiðslur og skuldabréf.

5 Eignarhlutar í félögum

Hér skal færa eignarhluta í félögum, svo sem stofnsjóð-eignir.

6 Bústofn skv. bústofnsskýrslu

Hér skal færa heildarmatsverð bústofns. Þessi fjárhæð á að stemma við bústofnseign í árslok á bls. 6.

7 Eignir skv. eignaskrá RSK 4.01

Hér skal færa samtölusum bókfærðs verðs allra varanlegra rekstrarfjármuna. Fjárhæðin á að stemma við samtölusum bókfærðu verði þessara eigna í dálki 12 á eignaskrá RSK 4.01 (fyrningarskýrsla) sem fylgja skal skattframtali. Fast-eignir skal því ekki færa á fasteignamati. Eignarstofn er leiðréttur til fasteignamats í línum 24 og 26.

8 Aðrar eignir, tilgreina

Hér skal færa allar aðrar eignir í rekstrinum sem ekki falla undir neitt af ofangreindu. Tilgreina skal um hvaða eignir er að ræða.

9 Eignir samtals

Hér færast samtölur úr línum 1 til 8. Samtala vaxta og verðbóta færst í reit 51 á síðu 3. Í aftasta dálkinn skal færa bókfærð verð eigna eins og það var skv. landbúnaðarskýrslu síðasta árs.

Staðgreiðsla af fjármagnstekjum


Í þessa reiti er færð staðgreiðsla skatts af arði og vöxtum í rekstri á árinu 2011. Staðgreiðsla samtals er færð í tölvulið 4.6 (reit 309) á persónuframtali.

Skuldir og eigið fé

Skuldir í árslok 2011 skal telja á nafnverði að viðbættum verðbótum á höfuðstólk skuldarinnar í árslok miðað við vísitölu í janúar 2012. Skuldir í erlendri mynt skal telja á sölugengi í árslok. Áfallna vexti frá síðasta gjalddaga til ársloka skal einnig færa til skuldar.

Til þess að finna út eftirstöðvar verðtryggðra eða gengistryggðra skulda í árslok 2011, er vísað í leiðbeiningar um útfyllingu skattframtals einstaklinga 2012. Þar er einnig að finna töflur yfir vísitölu og gengisskráningu í árslok 2011.

Athygli er vakin á því að skuldir vegna kaupa eða byggingsar íbúðarhúsnæðis skal færa í lið 5.2 á persónuframtali. Allar aðrar skuldir sem ekki eru tengdar búrekstrinum eða öðrum rekstri, skal færa í lið 5.5. á persónuframtali.



... Fjórða síða ...

Skuldir

10 Skuldir við lánastofnanir

Hér skal færa allar skuldir við lánastofnanir. Undir „Vextir og verðbætur“ skal færa vaxtagjöld, þ.m.t. áfallnar verðbætur á árinu.

11 Viðskiptaskuldir

Í þessa línu skal færa allar viðskiptaskuldir, t.d. skuldir við birgja og skuldir við flutningsaðila. Undir „Vextir og verðbætur“ skal færa vaxtagjöld, þ.m.t. áfallnar verðbætur á árinu.

12 Ógreiddur virðisaukaskattur

Hér skal færa ógreiddan virðisaukaskatt í árslok. Inneign virðisaukaskatts skal færa í línu 4.

13 og 14 Aðrar skuldir, tilgreina

Hér skal færa aðrar skuldir sem tengdar eru búrekstri, þ.m.t. vexti og verðbætur. Tilgreina skal við hvern skuldin er.

15 Skuldir samtals

Hér færast samtölur úr línum 10 til 14. Í aftasta dálkinn skal færa skuldir eins og þær voru skv. landbúnaðarskýrslu síðasta árs.

Eigið fé

16 Eigið fé í ársbyrjun

(mismunur eigna og skulda frá fyrra ári)

Hér skal færa eigið fé í ársbyrjun eins og það var í lok síðasta reikningsárs. Með eigin fé er átt við mismun á eignum og skuldum í rekstri. Ef fjárhæðin er neikvæð (skuldir hærri en eignir) skal gefa henni míinusformerki.

17 Hagnaður (+)/tap af rekstri (-)

Hér skal færa niðurstöðu rekstrar skv. línu 58 á síðu 3. Ef fjárhæðin er neikvæð (tap) skal gefa henni míinusformerki.

18 Reiknað endurgjald (+)

Í þennan reit skal færa reiknað endurgjald skv. línu 39 á bls. 3.

19 Úttekt (-)/framlag (+) eiganda

Í þennan reit skal færa úttekt eða framlag eiganda.

20 Aðrar breytingar á eigin fé (+/-)

Hér skal færa aðrar breytingar á eigin fé. Hér færast breytingar á matsverði bústofns, þ.e. breytingu á bústofnsmati frá síðasta ári. Breytingin er mismunur bústofnseignar í ársbyrjun og bústofnseignar í árslok á landbúnaðarskýrslu síðasta árs. **Hér skal ekki færa bústofnsbreytingu ársins.**

Breytingar á eigin fé sem leiða til hækunar eigin fjár færast sem plús fjárhæð, en breytingar sem leiða til lækkunar á eigin fé færast sem mínus fjárhæð.

Eigið fé samtals skal færa í línu 1 á bls. 1.

21 Eigið fé samtals

Hér færast samtölur úr línum 16 til 20. Í aftasta dálkinn skal færa þessa eiginfjárlíði eins og þeir voru skv. landbúnaðarskýrslu síðasta árs. Athugið að eignir samtals skv. línu 9 eiga að vera jafnar skuldum samtals í línu 15 að viðbættu eigin fé samtals, þ.e. reitur 9 = reitur 15 + reitur 21.

Athuga skal að niðurstöðutala eigna samtals á að vera jöfn niðurstöðutölu skulda og eigin fjár samtals.

Skattalegar færslur / leiðréttigar á eign

Í þessum kafla eru gerðar skattalegar leiðréttigar á eigin fé. Í línu 22 skal færa þá skattalegu niðurfærslu viðskiptakrafna (5%), sem heimiluð er í 2. mgr. 3. tl. 31. gr. skattalaga. Þetta er sama fjárhæð og í línu 60 á bls. 3.

Í línu 23 skal færa þá skattalegu niðurfærslu birgða (5%), sem heimiluð er í 4. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í lok reikningsárs. Þetta er sama fjárhæð og í línu 62 á bls. 3.

Þar sem fasteignir skal telja til eignar á gildandi fasteignamatsverði, sbr. 1. tl. 73. gr. skattalaga, skal draga frá bókfært verð þeirra skv. eignaskrá í línu 24 (mínustala) og færa inn fasteignamat þeirra í línu 26. Þær fasteignir, sem ekki hafa fengið fasteignamat, skal færa í línu 25 sbr. 2. málsl. 1. tl. 73. gr. skattalaga.

... Fimmta síða ...

Uppgjör birgða

Þeim bændum, sem stunda ylrækt eða garðrækt, s.s. kartöflu- eða gulrófnarækt, ber að telja til eignar óseldar birgðir í árslok á kostnaðarverði eða dagverði í lok reikningsárs, sbr. 4. tl. 73. gr. laga nr. 90/2003. Enn fremur ber að eignfæra umsýslukjöt, aðkeyptar rekstrarvörur, s.s. kjarnfóður og áburð, sem ónotaðar eru í árslok, svo og heybirgðir sem ætlaðar eru til sölu eftir áramótin. Í reitina skal færa birgðir í lok reikningsárranna 2011 og 2010. Birgðabreytingu skal færa í línu 54 á bls. 3. Jákvæður mismunur (birgðaaukning milli ára) er færður sem plús fjárhæð en neikvæður mismunur (birgðaskerðing milli ára) sem mínus fjárhæð. Birgðir samtals í árslok 2011 eru færðar í línu 2 á bls. 4.

Mat á svokölluðu „umsýslukjöti“ haustið 2011 er 492 kr. pr. kg.

Uppgjör virðisaukaskatts

Hér skal færa virðisaukaskatt samkvæmt bókhaldi. Til samanburðar er svo færður virðisaukaskattur samkvæmt þegar innsendum virðisaukaskattsskýrslum (þ.m.t. þegar innsendum leiðréttungarskýrslum). Þessar upplýsingar eru þær sömu og áður voru gefnar á samanburðarskýrslu virðisaukaskatts, RSK 10.25, sem skilað hefur verið með skattframtali. Ef vsk. númer framteljanda eru fleiri en eitt, skal þó áfram skila RSK 10.25 vegna hvers númers.

Komi fram mismunur skal fylla út og skila leiðréttungsarskýrslu virðisaukaskatts, RSK 10.26. Sé um skuld að ræða skal skila skýrslu ásamt greiðslu til innheimtumanns, en sé um inneign að ræða eða núll, vegna færslu á milli tímabila, skal skýrslunni skilað til ríkisskattstjóra.

Greinargerð um skiptingu milli eigenda félagsbúa


Ef landbúnaðarskýrslan er fyrir samrekstur (félagsbú) skal sunduriða reiknað endurgjald. Þá skal og gera sérstaklega grein fyrir skiptingu hreinna tekna (taps) og hreinnar eignar (skulda umfram eignir) og eignarhlutdeild, svo og hvernig reiknað endurgjald skiptist milli sameigenda, maka þeirra og barna í viðeigandi dálka.

Sundurliðunartafla

Í þessari töflu skal sýna sundurliðun á fjárhæðum sem færðar voru í línum 19 og 37 á bls. 2 og línu 13 á bls. 5. Fyrst kemur reitanúmer þessarar reits sem verið er að sunduriða í dálkinn „Línunúmer“ (t.d. 19). Hvern þessara þriggja reita má sundurliða eins mikið og þörf er á. Í dálkinn „Fjárhæð“ færst síðan sú fjárhæð sem verið er að tilgreina og í dálkinn „Skýring“ kemur útskýring á því hvað um er að ræða í hverju tilfelli.

Athugasemdir

Hér getur framteljandi komið að ýmsum athugasemdum, ábendingum eða skýringum vegna einhverra atriða í landbúnaðarskýrslunni eða fylgjögnum með henni.



... Sjötta síða ...

Bústofn

Bústofn í eigu skattaðila, þ.m.t. bústofn barna innan 16 ára, skal telja fram í ársbyrjun og árslok á skattmatsverði ríkisskattstjóra. Skattmatsverð er án virðisaukaskatts. Tilgreina á fjölda og samanlagt matsverð samkvæmt hverjum lið. Fær á fjölda og kaupverð keypts búfjár án virðisaukaskatts í dálkana lengst til hægri og tilgreina nafn, kennitölù og heimili seljanda í athugasemdakafla á 5. bls. Ef búfé var keypt og selt aftur á árinu skulu upplýsingar þar um gefnar í sama kafla.

Samkvæmt reglugerð nr. 213/2001 skal færa kaupverð lífdýra til gjalda í stað matsverðs, sjá bls. 14. Bústofnseign í árslok skal færa til eignar á efnahagsreikningi á 4. bls. í línu 6. Ef bústofnseign í árslok er hærri en bústofnseign í ársbyrjun er um bústofnsaukningu að ræða sem færist til tekna í línu 55 á bls. 3. Ef bústofnseign í árslok er lægri en bústofnseign í ársbyrjun er um bústofnsskerðingu að ræða sem færist til gjalda í rekstrinum í línu 55 á bls. 3.

Eignamat búfjár í árslok 2011

Samkvæmt skattmati er eignamat búfjár án virðisaukaskatts sem hér segir:

	Kr.
Mjólkurkýr.....	105.000
Holdakýr og naut	91.000
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri.....	67.000
Geldneyti	48.000
Kálfar, yngri en 1/2 árs.....	12.000
Ær og sauðir	7.200
Hrútar.....	11.500
Gemlingar	6.400
Geitur	3.600
Hross á 14. vetri og eldri.....	17.000
Hross á 5. - 13. vetri.....	34.000
Fulltamin reiðhross....(á 5. - 13. vetri)	130.000
Önnur nýtanleg reiðhross.....	65.000
Verðlaunahross ...(á 5. - 13. vetri)	180.000
Kynbótahestar á 5. - 13. vetri	260.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. - 13. vetri	360.000
Tryppi á 2. - 4. vetri	10.500
Folold	7.500
Hænsni, eldri en 6 mánaða	870
Varphænsni 6 mánaða og yngri.....	550
Kjúklingar.....	200
Endur	760

Gæsir	1.520
Kalkúnar.....	2.200
Gyltur	34.000
Geltir.....	50.000
Grísir.....	7.500
Kanínur	2.000
Minkar: Karldýr.....	6.200
Kvendýr.....	4.300
Hvolpar	0
Refir: Karldýr og kvendýr.....	6.000
Hvolpar	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri	3.500

Dæmi um eignfærslu vegna kaupa á lífdýrum

a) Keyptar 30ær á 5.000 kr. hver, alls 150.000 kr.

Heildarkaupverðið 150.000 kr. færst í línu 33 á bls. 2. Á bls. 6 koma ærnar inn í fjölda bústofns (ær og sauðir) í árslok og hafa áhrif á matsverðið. Þá ber einnig að tilgreina í öftustu dálkum á bls. 6 fjölda keypts búfjár og kaupverð þess. Kaupverðið skal tilgreint án virðisaukaskatts.

b) Keyptur einn fulltaminn hestur á 300.000 kr.

Par sem kaupverð hestsins er hærri fjárhæð en tilgreind er í 39. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þá skal gjaldfæra kaupverðið með jöfnum fjárhæðum á fimm árum. Á fyrsta ári ætti því að gjaldfæra 60.000 kr. í eignaskrá RSK 4.01, en þar sem gjaldfærsla á kaupári má aldrei vera lægri en matsverði gripsins í árslok samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra, verður gjaldfærsla ársins 130.000 kr. Eftirstöðvunum, 170.000 kr., verður síðan dreift á 4 ár, þ.e. 42.500 kr. á ári.

Eignfæra ber hestinn meðal bústofns á bls. 6 samkvæmt matsverði og auk þess ber að eignfæra óniðurfærðar eftirstöðvar kaupverðs, í þessu tilfelli kr. 170.000, í eignaskrá RSK 4.01. Samanlagt bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skal síðan færa í línu 7 á bls. 4. Alls verður því eignfærslan 300.000 kr.

Halda skal utan um þessar hreyfingar á eignaskrá.

Lífdýr falla undir fyrningarflokk 10, tegund 99.

Dæmi:

Fyrsti hesturinn sem keyptur var á árinu 2011, með kaupverð yfir þeiri fjárhæð sem tilgreind er í 39. gr., ber að eignfæra á eignaskrá með auðkennið 111099001.

Reiknað endurgjald bænda,

maka þeirra og barna tekjuárið 2011 (skattframtal 2012)

Að jafnaði skal færa á skattframtali 2012 þau reiknuðu laun sem staðgreiðsla á árinu 2011 hefur miðast við. Séu færð lægri reiknuð laun ber að láta nauðsynlegar skýringar fylgja skattframtali. Í þessu sambandi vísast til 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 6. gr. laga nr. 45/1987. Viðmiðunarlaun í staðgreiðslu 2011 fyrir bændur og maka þeirra voru ákvörðuð annig:

Flokkur G. Landbúnaður

Til flokks G teljast bændur sem einir eða með öðrum standa fyrir búrekstri, með eða án aðkeypts vinnaufs. Standi hjón bæði fyrir búrekstrinum skal reiknað endurgjald hvors hjónanna um sig metið miðað við vinnuframlag hvors um sig við búreksturinn og skiptist rekstrarhagnaður jafnframt á milli þeirra í hlutfalli við reiknað endurgjald þeirra. Vinni það hjóna, sem ekki stendur fyrir búrekstri með maka sínum, við reksturinn skal meta því endurgjald með hliðsjón af vinnuframlagi þess, metið á sama verði og endurgjald makans, og telst rekstrarhagnaður þá vera tekjur þess sem stendur fyrir búrekstrinum. Sé búrekstur umfangsmikill og tveir eða fleiri starfsmenn eru á launum auk bónadans og maka hans og barna innan 16 ára skal flokka starfið í flokka B(1) til B(4).

Flokkur G skiptist í þrjá undirflokk:

- G(1) Bóni með sauðfjárrækt sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni.
Mánaðarlaun 102.000 kr
Árslaun 1.224.000 kr.
- G(2) Bóni með kúabú sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni.
Mánaðarlaun 133.000 kr.
Árslaun 1.596.000 kr.
- G(3) Bóni sem stendur fyrir öðrum búrekstri, svo sem svínarækt, alifuglarækt, hrossarækt, loðdýrabú, grænmetisrækt og garðplönturækt.
Mánaðarlaun 204.000 kr.
Árslaun 2.448.000 kr.

Flokkur H. Makar og börn

Maður sem starfar við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi maka síns eða starfar hjá félagi sem maki hans eða nákomnir venslamenn hafa ráðandi stöðu í vegna eignar-eða stjórnaraðildar svo og barn sem starfar með sama hætti við atvinnurekstur foreldris.

- H(1) Sérfræðingur, sbr. flokk A, sem vinna í sérgrein sinni en standa ekki fyrir starfsemi.
Mánaðarlaun 415.000 kr.
Árslaun 4.980.000 kr.
- H(2) Iðnaðarmaður, sbr. flokk D, sem vinna í iðngrein sinni en standa ekki fyrir starfsemi.
Mánaðarlaun 222.000 kr.
Árslaun 2.664.000 kr.
- H(3) Ófaglærður starfsmaður.
Mánaðarlaun 138.000 kr.
Árslaun 1.656.000 kr.
- H(4) Barn, 15 ára.

Mánaðarlaun	96.000 kr.
Árslaun	1.152.000 kr
H(5) Barn, 13 eða 14 ára.	
Mánaðarlaun	83.000 kr.
Árslaun	996.000 kr.

Flokkur B. Almenn starfsemi, iðnaður, verslun, útgerð og þjónusta

Til flokks B teljast menn sem vinna við iðnaðar- og iðjurekstur, hvers konar verslun og viðskipti, veitingastarfsemi, útgerð og fiskvinnslu, framleiðslu landbúnaðarvara, verktakastarfsemi hvers konar og þjónustu, sem ekki heyrir undir flokk A eða C. Stjórnun rekstrarins eða félagsins er hluti af störfum þeirra sem falla undir flokk B(1), B(2), B(3) og B(4), þótt þeir vinni einnig önnur almenn störf við reksturinn.

Flokkur B skiptist í fimm undirflokk:

- B(1) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum fleiri en fimmtíð starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimmtíð manna.
Mánaðarlaun 685.000 kr.
Árslaun 8.220.000 kr.
- B(2) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tíu til fimmtíð starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tíu til fimmtíð manna.
Mánaðarlaun 616.000 kr.
Árslaun 7.392.000 kr.
- B(3) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum sex til níu starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum sex til níu starfsmanna.
Mánaðarlaun 514.000 kr.
Árslaun 6.168.000 kr.
- B(4) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna.
Mánaðarlaun 429.000 kr.
Árslaun 5.148.000 kr.
- B(5) Maður, sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.
Mánaðarlaun 342.000 kr.
Árslaun 4.104.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki B(1), B(2), B(3) eða lægst B(4) miðað við að fjölda starfsmanna að þeim meðtöldum sé deilt á þá.



Beingreiðslur úr ríkissjóði

Beingreiðslur úr ríkissjóði sem greiddar eru á grundvelli a-liðar 30. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvorum, sbr. 40. gr. og 44. gr. sömu laga, eru skattskyldar þegar þær falla til, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Greiðslur þessar skal færa í línu 1 eða 3 á bls. 2.

Sala greiðslumarks

Sala greiðslumarks telst sala á eign og um útreikning sölu-hagnaðar gilda ákvæði 15. gr. laga nr. 90/2003, um tekju-skatt. Samkvæmt þessu telst hagnaður af sölunni að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. telst hagnaður af sölu þessarar eignar mismunur á sölu-verði hennar og stofnverði að frádregnum áður fengnum niðurfærslum og söluhagnaði.

Dreifing söluhagnaðar

Í 27. gr. laga nr. 90/2003 er kveðið á um rétt manna til dreifingar skattlagningar söluhagnaðar í því tilviki er skatt-aðili fær söluandvirði greitt með skuldaviðurkenningum til þriggja ára eða lengri tíma. Nánari skilyrði fyrir slíkri dreifingu er að finna í greininni.

Meðferð söluhagnaðar ófyrnanlegra eigna

Í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003 er að finna ákvæði þess efnis að skattaðili geti farið fram á frestun skattlagningar sölu-hagnaðar um tvenn áramót frá söludegi, enda afli hann sér sams konar eignar eða íbúðarhúsnaðis til eigin nota í stað hinnar seldu innan þess tíma og færst þá söluhagnaðurinn til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Síðan segir í greininni að nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en sölu-hagnaðinum nemur telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. er þessi meðferð söluhagnaðar því aðeins heimil að seljandi hafi haft búrekstur á hinni seldu eign að aðalstarfi í a.m.k. fimm ár á síðastliðnum átta árum næst á undan söludegi og stundi búrekstur á sama hátt á hinni keyptu bújörð eða noti hið keypta húsnæði fyrir eigin íbúð í a.m.k. tvö ár eftir kaupdag. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst söluhagnaðurinn framreiknaður til skattskyldra tekna þess árs þegar skilyrðið er rofið, að viðbættu 10% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfærarleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

Upptaka nýrra búgreina

Litið hefur verið svo á að beita megi löggjöfnun hvað varðar ráðstöfun söluhagnaðar vegna sölu greiðslumarks þannig

að þeim bændum sé heimilt að lækka stofnverð nýrra eigna vegna upptöku nýrra búgreina á viðkomandi bújörð, þó þannig að hin nýja búgrein sé rekin á bújörðinni og tengist afnotum fasteigna á henni. Með nýri búgrein er átt við at-vinnugrein sem útheimtir afnot fasteignar á bújörðum en ekki þær atvinnugreinar sem er stjórnað frá bújörðinni s.s. rekstur vélknúinna tækja, bifreiða eða vinnuvéla.

Eignarhlutur í félagi (t.d. einkahlutafélagi) telst ekki til eigna af þeim toga sem um ræðir í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003. Engin heimild er því til frestunar á skattlagningu hagnaðar af sölu greiðslumarks með þeim hætti að fært sé niður stofnverð eignarhluta í félagi. Heimildin í 4. mgr. 15. gr. er bundin við niðurfærslu stofnverðs nýrra eigna þess sem skattskyldur er af söluhagnaðinum. Ákvæðið heimilar því ekki frestun skattlagningar á söluhagnaði manns með niðurfærslu á eignarhluta í einkahlutafélagi.

Tjónabætur

Afurðatjónsbaetur eru skattskyldar þegar þær falla til, sama á við um bætur frá Bjargráðasjóði.

Jarðskjálftabætur sem greiddar eru vegna altjóns fast-eignar teljast söluverð hennar og reiknast söluhagnaður þá samkvæmt 12. til 27. gr. tekjuskattslaganna. Aðrar jarðskjálftabætur vegna fasteigna í atvinnurekstri skal færa til skuldar ef viðgerðum er ekki lokið en eignfæra skal inn-eignir vegna þessa. Tekjufæra skal á móti viðgerðarkostnaði og skal tekjufærslan koma til lækkunar á skuldinni. Ef jarðskjálftabætur eru lægri en viðgerðarkostnaður skal gjaldfæra mismuninn. Ef jarðskjálftabætur eru hærri skal tekjufæra mismuninn. Uppgiðri á skuldfærðum tjónabótum skal lokið innan þriggja ára frá því að þær voru ákvarðaðar. Viðgerðarkostnaður telst sá kostnaður sem lagt er í til að koma eign í sama ástand og hún var í þegar rekstraraðili eignaðist hana, hvort heldur hún var þá gömul eða ný. Sjá 4. gr. reglugerðar nr. 483/1994.

Skila þarf greinargerð um viðgerðarkostnað. Ef um viðgerðir á fleiri en einni fasteign er að ræða skal skila sérstakri greinargerð fyrir hverja eign. Tjónabætur vegna lausafjármuna sem notaðir eru í atvinnurekstri eru skattskyldar tekjur á því ári sem þær falla til og færast í línu 19 á bls. 2. Jafnframt skal gera grein fyrir þeim í sundurliðunartöflu á bls. 5.

Styrkir vegna búháttabreytinga

Greiðslur þær sem hér um ræðir gætu verið framlag, stofn-framlag, til nýs atvinnurekstrar. Gegnir þá sama máli um greiðslurnar og ýmis óendurkræf stofnframlög og t.d. ríkis-framlög til jarðabóta o.p.h. Er þá áskilid að greiðslunum sé varið til að standa straum af kostnaði við mannvirk, tækja-kaup og endurbætur vegna hinnar nýju búgreinarr. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. skattalaga dregst óendurkræfur styrkur frá stofnverði eignar. Þannig ákvarðað kostnaðar-

verð myndar síðan fyrningargrunn. Ef fjárhæð styrksins liggar ekki fyrir á sama ári og framkvæmdum á fyrnanlegum eignum er lokið skal lækka fyrningargrunn þessara eigna á eignaskrá þess árs sem styrkurinn er greiddur. Færa skal fjárhæð styrksins til lækkunar fyrningargrunni í árslok næstliðins árs.

Kaup á greiðslumarki

Keypt greiðslumark ber að færa til eignar í línu 7 á landbúnaðarskýrslu, á kaupverði að frádegnum áður fengnum niðurarfærslum. Ákvæði 42. gr. tekjuskattslaga um niðurlagsverð gilda ekki gagnvart þessari eign.

Greiðslur fyrir sumardvöl barna og frádráttur frá þeim

Tekjur og gjöld vegna sumardvalar barna á ekki að færa á landbúnaðarskýrslu, heldur gera upp sérstaklega. Ær í þessu sambandi vísað til leiðbeininga með skattframtíali einstaklinga 2012 (RSK 8.01).

Afstemming virðisaukaskatts

Ef uppgjör virðisaukaskatts samkvæmt bókhaldi á bls. 5 ber ekki saman við áður innsendar virðisaukaskattskýrslur skal gera leiðréttingskýrslu RSK 10.26. Ef um vangreiddan skatt er að ræða skal greiðsla send innheimtumönnum ríkissjóðs, ef um ofgreiddan skatt er að ræða skal senda leiðréttingskýrslu á skattstofu.

Annar rekstur

Skila skal sérstöku rekstraryfirliti vegna annars rekstrar en landbúnaðar, t.d. gistiþjónustu, matsölu, skólaaksturs, vörubíla- eða vinnuvélareksturs nema um sé að ræða tilfallandi og smávægilegar tekjur. Færa skal slíkan rekstur á eyðublaði RSK 4.11, Rekstrarskýrsla, og færa fjárhæði af henni yfir á síðu 1 á landbúnaðarskýrslu, í viðeigandi dálk. Þó skal gera grein fyrir rekstrinum á eyðublaði RSK 1.04, Skattframtal rekstraraðila, ef velta fer yfir 20 millj. kr.

Reglur um fyrningar

Fyrningargrunnur lausafjár er bókfært verð en fyrningargrunnur annarra eigna er upphaflegt kaupverð. Þar sem fyrningargrunnur á lausafé er bókfært verð, fer fyrning lausafjár stiglækkandi á líftíma eignarinnar.

Ekki má fyrna lausafé og fasteignir meir en svo að eftir standi 10% af upphaflegu kaupverði sem bókfært verð.


Dæmi:

Bóni á tvær dráttarvélar. Heimilt er að fyrna dráttarvélar um 20 til 35%. Önnur dráttarvél var keypt á árinu 2007, bókfært verð hennar í árslok 2010 var 525.000 kr. en upphaflegt kaupverð var 3.500.000 kr. Heimil fyrning á henni er því á bilinu 105.000 kr. til 175.000 kr. (Ekki 183.750 kr. þar sem þá yrði bókfært verð hennar í árslok 2011 lægra en 10% af upphaflegu kaupverði).

Hin dráttarvél var keypt á árinu 2009, bókfært verð hennar í árslok 2010 var 2.400.000 kr. en upphaflegt kaupverð var 4.000.000 kr. Heimil fyrning á henni er því frá 480.000 kr. til 840.000 kr.

... Netframtal 2012 ...

Vakin er athygli á því að mögulegt er að skila landbúnaðarskýrslu í gegnum þjónustusíðu framteljanda, **skattur**. Sundurliðun landbúnaðarskýrslunnar er þar nú með sama hætti og á pappírseyðublaðinu með þeirri undantekningu að sundurliðun á stofni til búnaðargjalds er innbyggð inn í landbúnaðarskýrsluna í netframtalinu. Sundurliðun tekna er þar í samræmi við sundurliðun stofns til búnaðargjalds og þurfa þeir sem fylla út og skila landbúnaðarskýrslu á netinu ekki að skila sérstöku framtali til búnaðargjalds nema ef framleiðandi hefur starfsemi á fleiri en einu búnaðarsambandssvæði. Ágætt er að byrja að fylla út eignaskrána RSK 4.01 og rekstrarkostnað fólksbifreiðar RSK 4.03 áður en byrjað er að fylla út landbúnaðarskýrsluna sjálfa.



Reglugerð nr. 213/2001, um skattalega meðferð á bústofnsbreytingu og kaupverði lífdýra í landbúnaði

1. gr.

Breytingu á bústofni í landbúnaði skal meta til tekna eða gjalda sem hér segir:

Bústofn eins og hann var í ársbyrjun og bústofn í árslok skal færa á landbúnaðarskýrslu og reikna til verðs með sama verði og bústofninn er metinn til eignar í árslok samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Mismunurinn á heildarverði gripanna í ársbyrjun og árslok, bústofnsaukning eða bústofnsskerðing, færst til tekna eða gjalda eftir atvikum.

Kaupverð lífdýra má gjaldfæra að fullu á kaupári þegar kaupverð hvers einstaks lífdýrs er undir þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 41. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Ef kaupverð á lífdýri er hærra en sú fjárhæð skal gjaldfæra kaupverðið með jöfnum fjárhæðum á fimm árum. Í þeim tilvikum skal gjaldfærsla á kaupári þó aldrei vera lægri en matsverð gripsins í árslok samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Gjaldfærslan í heild skal aldrei vera hærri en kaupverðið. Sé lífdýr selt eða það drepst innan fimm ára frá því að það var keypt skal færa til gjalda þann hluta kaupverðsins sem þá er ógjaldfærður.

Hafi gjaldfærslu á kaupverði lífdýrs verið dreift á fimm ár, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal eignfæra þann hluta kaupverðs sem ógjaldfærður er. Kaupverði sem dreift er á fimm ár skal framreikna samkvæmt ákvæðum 26.

gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt en telst ekki til eigna skv. 3. mgr. 53. gr. sömu laga við útreikning á tekjum og gjöldum vegna verðbreytinga.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við ákvörðun tekna og gjalda árið 2001 vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2002. Frá sama tíma fellur úr gildi 3. töluliðar B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði til bráðabirgða

Við framtal 2001 vegna tekna og eigna á árinu 2000 skal heimilt að meta bústofnsaukningu, bústofnsskerðingu og kaup á lífdýrum til tekna og gjalda samkvæmt reglugerð þessari í stað 3. töluliðar B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt.

Fjármálaráðuneytinu, 5. mars 2001

Dæmi um færslu nokkurra gjaldaliða á rekstrarreikning

Auglýsingakostnaður	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu	Lögfræðipjónusta	30	Ýmis aðkeypt þjónusta
Áburður	23	Áburður og sáðvörur	Maurasýra	26	Rekstrarvörur
Áskrift tímarita um landb.	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu	Mjólk til fóðurs	21	Fóður
Bankakostnaður	52	Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld	Mótframlag í lífeyrissjóð	41	Mótframlag í lífeyrissjóð
Bensín vegna búvéla	25	Rekstrarkostn. búvéla og bifr. (annarra en fólkst.)	framleiðsluréttar	47	Almennar fyrningar skv. eignaskrá RSK 4.01
Birgðaskerðing	54	Birgðabreyting skv. birgðatöflu	Olíur á búvélar	25	Rekstrarkostn. búvéla og bifr. (annarra en fólkst.)
Birgðaaaukning	54	Birgðabreyting skv. birgðatöflu	Pappír, prentun og ritföng	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu
Bókhaldspjónusta	30	Ýmis aðkeypt þjónusta	Rafmagn	32	Annar rekstrarkostnaður húsnæðis (útihúsa)
Burðargjöld	29	Flutningskostnaður	Reiðtygi	26	Rekstrarvörur
Búnaðargjald	44	Búnaðargjald	Reiknað endurgjald	39	Reiknað endurgjald
Bústofnsaukning	55	Bústofnsbreyting skv. bústofnstöflu (+/-)	Rekstrar- og hreinlætisvörur í fjósi	26	Rekstrarvörur
Bústofnsskerðing	55	Bústofnsbreyting skv. bústofnstöflu (+/-)	Rekstrarkostnaður fólkbsbifreiðar	46	Bifreiðakostn. skv. rekstrar. fólkst. RSK 4.03
Dýralæknakostnaður	30	Ýmis aðkeypt þjónusta	Ritföng	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu
Fasteignagjöld (önnur en af íbúðarhúsnæði)	32	Annar rekstrarkostnaður húsnæðis (útihúsa)	Rúlluplast, kaðlar o.fl.	26	Rekstrarvörur
Félagsgjöld	45	Félagsgjöld	Sérfræðiaðstoð	30	Ýmis aðkeypt þjónusta
Fjallskil	27	Fjallskil	Sími	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu
Fjárhúsmottur	32	Annar rekstrarkostnaður húsnæðis (útihúsa)	Skattar og tryggingar vegna búvéla	25	Rekstrarkostn. búvéla og bifr. (annarra en fólkst.)
Fjármögnunarleiga	34	Tækjaleiga, lausafj., fjármögnunarleiga o.fl.	Sláturkostnaður	28	Sláturkostnaður
Flutningur á mjólk	29	Flutningskostnaður	Smááhöld	26	Rekstrarvörur
Flutningur á rekstrarvörum	29	Flutningskostnaður	Smurningu,	25	Rekstrarkostn. búvéla og bifr. (annarra en fólkst.)
Flutningur á sláturfé	29	Flutningskostnaður	frostlögur vegna búvéla	30	Ýmis aðkeypt þjónusta
Folatollur	30	Ýmis aðkeypt þjónusta	Sæðingargjöld	30	Ýmis aðkeypt þjónusta
Fóðurbætir	21	Fóður	Tamningarár	36	Afskrifaðar viðskiptakröfur
Fóðursalt og lýsi	21	Fóður	Tapaðar viðskiptakröfur (sannanlega)	42	Önnur launatengd gjöld
Fóðursild, -loðna	21	Fóður	Tryggingagjald	32	Annar rekstrarkostnaður húsnæðis (útihúsa)
Fræ	23	Áburður og sáðvörur	Tryggingar vegna útihúsa	43	Tryggingar
Fyrning ræktunar	47	Almennar fyrningar skv. eignaskrá RSK 4.01	Tækjaleiga	34	Tækjaleiga, lausafj., fjármögnunarleiga o.fl.
Fyrning útihúsa	47	Almennar fyrningar skv. eignaskrá RSK 4.01	Tölvukostnaður	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu
Fyrning véla og tækja	47	Almennar fyrningar skv. eignaskrá RSK 4.01	Umbúðir	26	Rekstrarvörur
Girðingaefni	31	Viðhald húsnæðis (útihúsa) og girðinga	Undanrenna	21	Fóður
Grasköggjar	21	Fóður	Útsæði	23	Áburður og sáðvörur
Greitt fæði	40	Laun (greidd laun og hlunnindi)	Varahlutir vegna búvéla	25	Rekstrarkostn. búvéla og bifr. (annarra en fólkst.)
Greitt í peningum (Laun)	40	Laun (greidd laun og hlunnindi)	Verðskerðingargjald	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu
Hálmur	26	Rekstrarvörur	Verkfæri og smááhöld	26	Rekstrarvörur
Heimafengið útsæði	23	Áburður og sáðvörur	Vextir og verðb. af skuldum v. búrekstrar	52	Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld
Heitt vatn	32	Annar rekstrarkostnaður húsnæðis (útihúsa)	Viðgerðir á búvélum	25	Rekstrarkostn. búvéla og bifr. (annarra en fólkst.)
Hestavörur	26	Rekstrarvörur	Viðhald útihúsa, efni	31	Viðhald húsnæðis (útihúsa)
Heybindigarn	26	Rekstrarvörur	Viðhald útihúsa, vinna	31	Viðhald húsnæðis (útihúsa) og girðinga
Heyefnagreining	30	Ýmis aðkeypt þjónusta	Pinglýsinga- og stimpilkostnaður	52	Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld
Heykaup	22	Heykaup	Þjónustugjöld til banka	52	Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld
Hluti af rekstrarkostnaði bifreiða	46	Bifreiðakostn. skv. rekstrar. fólkst. RSK 4.03	Pvottaefni	26	Rekstrarvörur
Hráolía vegna búvéla	25	Rekstrarkostn. búvéla og bifr. (annarra en fólkst.)			
Hreinlætisvörur í fjósi	26	Rekstrarvörur			
Hundafóður	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu			
Íblöndunarefni til votheysgerðar	26	Rekstrarvörur			
Jarðarafgjald	35	Leiga eftir bújörð/Jarðararfajald			
Keytar slægjur og beit	24	Slægjur og beit			
Kjarnfóður	21	Fóður			
Leiga eftir bújörð	35	Leiga eftir bújörð/Jarðararfajald			
Lyf og dýralækniskostn.	30	Ýmis aðkeypt þjónusta			

rsk.is

Allt sem **bú** barft
að vita um **skatta**

Framtalsskil eru á

www.skattur.is

